

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, Hólmsheiði („græni trefillinn“) - losunarstaður jarðvegs.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 23. febrúar 2010 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 frá 20. desember 2002.

Breytingin felst í eftirfarandi:

- I. Í kafla 3.1.9.1. í greinargerð bætist við eftirfarandi feitletruð setning: „... Á opnum svæðum til sérstakra nota má gera ráð fyrir veitumannvirkjum, s.s. dælu-, fráveitu- og spennistöðvum, sem afmörkuð verða í deiliskipulagi viðkomandi svæða. **Ennfremur er heimilt að losa ómengaðan jarðveg á afmörkuðum svæðum. Gera skal grein fyrir umfangi losunar, skilmálum og frágangi svæða í deiliskipulagi.**“
- II. Í kafla 3.1.9.3. í greinargerð bætist við eftirfarandi feitletruð setning í lok kaflans: „**Innan „græna trefilsins“ er heimilt að losa ómengaðan jarðveg á afmörkuðum svæðum, enda samræmast jarðvegsfyllingar markmiðum útivistar, uppgræðslu og skógræktar á svæðinu. Gera skal grein fyrir umfangi losunar, skilmálum og frágangi svæða í deiliskipulagi.**“
- III. Við kafla 3.2. í greinargerð bætist nýr kafli 3.2.3. Landnotkun á Hólmsheiði 2001-2024 og skýringarmynd á uppdrætti. Eftirfarandi texti verður í kaflanum: **Hólmsheiðin er skilgreind sem opið svæði til sérstakra nota. Markmið aðalskipulagsins er að byggja svæðið upp sem útivistarsvæði, m.a. með skógrækt (S). Á afmörkuðu svæði á Hólmsheiði er heimiluð losun ómengaðs jarðvegs (L, sjá 9. mynd [númer miðast við uppfærða netútgáfu greinargerðar 1]). Gert er ráð fyrir að jarðvegsfyllingin verði mótuð og ræktuð upp á skipulagstímabilinu með þarfir útivistar að leiðarljósi.**

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 23. febrúar 2010.*

**Svandís Svavarsdóttir.**

*Logi Kjartansson.*